

**Sp. 418. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]**

um uppbyggingu flugvalla á Austurlandi.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að gerð verði áætlun um uppbyggingu flugvallarmannvirkja á Austurlandi sem taki til 5 ára. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

- Tekin verði ákvörðun um staðsetningu og uppbyggingu flugvallar við Egilsstaði sem búinn sé til að þjóna því hlutverki að vera miðstöð flugsamgangna til Austurlands frá öðrum landshlutum og erlendis frá, jafnframt því að fullnægjandi aðstaða sé þar sköpuð fyrir flugrekstur innan landshlutans.
- Aðrir flugvellir á Austurlandi verði gerðir þannig úr garði að þeir fullnægi nútímakröfum um öryggi og hagkvæmni í áætlunarflugi, sjúkra- og leiguflugi.

**Greinargerð.**

Vegna legu sinnar er Austurland háðara flugsamgöngum en aðrir landshlutar að undanskildum Vestfjörðum. Langt er til annarra landshluta og vegalengdir miklar milli einstakra byggðarлага innan landshlutans og víðast yfir fjallvegi að fara.

Miklar framfarir hafa orðið í flugvélaframleiðslu á síðari árum og flugvélar hafa komið á markaðinn sem eru betur útbúnar fyrir farþega en áður var og hagkvæmari í rekstri. Hins vegar hafa flugvellir hérlendis og búnaður þeirra ekki fylgt þessari þróun og er ástandið víða mjög bágborið í þessum málum.

Austurland er sérlega illa sett að þessu leyti og þörf er sérstaks átaks til þess að bæta stöðu þessara mála í landshlutanum.

Enginn flugvöllur á Austurlandi er með varanlegu slitlagi, á flesta þeirra vantar nauðsynleg aðflutningstæki, aðbúnaður farþega er víða mjög bágborinn, umsjón og eftirlit vantar og svo mætti lengi telja.

#### a) Egilsstaðaflugvöllur.

Egilsstaðaflugvöllur er miðstöð flugsamgangna á Austurlandi og er umferð um hann mjög mikil eða um 40 þús. farþegar árið 1981 samkvæmt upplýsingum flugmálastjórnar. Lendingar á vellinum voru um 1800 það ár. Flugfélag Íslands heldur uppi áætluðum ferðum til Egilsstaða daglega og allt að þrisvar sinnum á dag yfir sumartímenn. Auk þess er þar miðstöð flugs Flugfélags Austurlands milli staða á Austurlandi, og Flugfélag Norðurlands heldur uppi ferðum milli Egilsstaða og Akureyrar. Þá er einnig flogið frá Egilsstaðaflugvelli til Færeyja árið um kring.

Flugvöllurinn á Egilsstöðum er alls ófullnægjandi fyrir slíka umferð og mjög brýn þörf er á endurbyggingu hans í bættu aðflugi og enn frekari endurbótum á tækjakosti. Varðandi endurbyggingu hafa einkum þrjú kostir komið til greina.

1. Bygging flugvallar við Snjóholt í Eiðabínghá.
2. Bygging flugbrautar vestan núverandi brautar.
3. Endurbygging á sama stað.

Þessir kostir hafa verið rannsakaðir nokkuð á undanförunum árum, en brýn þörf er að ljúka þeirri rannsókn og taka ákvörðun um framkvæmdir.

Flugvöllur við Snjóholt er mjög dýr framkvæmd, auk þess sem völlumurinn mundi vera í 8 km fjarlægð frá Egilsstöðum og núverandi húsakostur flugstöðvar og tækja ekki nýtast. Þá mundi flugvöllurinn liggja 200 fetum hærra en núverandi flugvöllur, en hins vegar er aðflug hindrunarlaust.

Árið 1972 gerði Ólafur Pálsson verkfræðingur athugun á flugvallarstaði vestan núverandi flugbrautar og árið 1980 var gerð frekari athugun af Verkfræðistofu Austurlands. Fram kom í fyrri athuguninni að vandkvæði væru á að leggja þarna flugbraut vegna ótraustrar undirstöðu. Hins vegar kemur fram í seinni athuguninni að jákvæð reynsla sé af vegarlagningu á þessum stað, en þarna er nú vegur með varanlegu slitlagi sem hefur ekki sigið.

Aðflug mundi vera hreint að þessari braut og hefur öryggisnefnd F.Í.Á. gefið um hana jákvæðar umsagnir í bréfi til flugvallarnefndar Egilsstaðahrepps, dags. 4. maí 1979.

Nauðsynlegt er að ljúka samanburði á þeim þrem leiðum sem hér um ræðir því ákvörðun í þessu máli má ekki dragast öllu lengur.

Sýnt er að flugbraut á þessum stað gæti orðið allt að 2000 metra löng og mundi nægja minni þotum í millilandaflugi.

#### b) Aðrir flugvellir.

Tillagan gerir ráð fyrir að gerð sé áætlun um uppbyggingu og búnað flugvalla víðs vegar um Austurland. Þessir flugvellir eru á Bakkafirði, Vopnafirði, Borgarfirði eystra, Seyðisfirði, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Breiðdal, Djúpvaggi, Höfn og Fagurhólsmýri.

Ekki er um vandamál varðandi staðsetningu að ræða eins og á Egilsstöðum. Hins vegar er brýnt að gera sér grein fyrir hvers konar búnaður skal vera á þessum flugvöllum og tryggja uppbyggingu þeirra með framkvæmdaáætlun. Ástand og búnaður þessara valla er mjög mismunandi, allt frá því að vera viðunandi til þess að eina öryggistækið er vindpoki. Það er og brýnt að leysa rekstrarvandamál þessara flugvalla, en ekki hefur verið hægt að launa umsjón og eftirlit valla sem haldið er uppi reglubundnu áætlunarflugi til, og má þar nefna Bakkafjörð og Breiðdalsvík.

Það er skoðun flutningsmanns að áætlunargerð sé nauðsynleg til þess að setja sér ákveðin markmið í flugmálum þessa landshluta og nauðsynlegt sé að setja þessi markmið sem allra fyrst, þannig að hægt sé að vinna að þessum málum á skipulegri hátt en verið hefur til þessa.